

1. Í leikskóla er gaman.

Í leikskóla er gaman
þar leika allir saman
Leika úti og inni
og allir syngja með.
Hnoða leir og lita
þið ættuð bara að vita
hvað allir eru duglegir
í leikskólanum hér.

2. Litirnir

Gul, gul, gul,
er góða appelsínan,
gul, gul, gul,
er gamla húfan mín.
Allt sem er gult, gult,
finnst mér vera fallegt,
fyrir vin minn, litla Kínverjann.

Rauð, rauð, rauð,
er rósinn hennar mömmu,
rauð, rauð, rauð,
er rjóða kinninn mín.
Allt sem er rautt, rautt,
finnst mér vera fallegt,
fyrir vin minn, litla Indjánann.

Grænt, grænt, grænt,
er grasið út í haga,
grænt, grænt, grænt,
er gamla pilsnið mitt.
Allt sem er grænt, grænt,
finnst mér vera fallegt,
fyrir vin minn, litla Jón á Grund.

Blátt, blátt, blátt,
er hafið bláa hafið,
blátt, blátt, blátt,
er blái himinninn.
Allt sem er blátt, blátt,
finnst mér vera fallegt,
fyrir vin minn, litla sjómanninn.

3. Þorrapræll.

Nú er frost á Fróni,
frýs í æðum blóð.
Kveður kuldaljóð
Kári í jötunmóð.
Yfir laxalóni
liggur klakaþil.
Hlær við hríðarbyl
hamragil.
Marar bára blá
brotnar þung og há
unnar steinum á,
yggld og grett á brá.
Yfir aflatjóni
æðrast skipstjórinn.
Harmar hlutinn sinn
hásetinn.

4. Berjaför.(lag: allir krakkar)

Litli Siggí, litla Siggá
löbbaðu út í mó.
Bæði ber að tína,
í berjafötu sína.
Það var gaman, það var gaman
hopp og hæ og hó.

5. Karl gekk út um morguntíma.

Karl gekk út um morguntíma,
taldi alla sauði sína,
einn og tveir og þrír og fjórir,
allir voru þeir.
Með höndunum gerum við
klapp, klapp, klapp.
Með fótunum gerum við
stapp, stapp, stapp.
Einn, tveir, þrír,
ofur lítið spor,
einmitt á þennan hátt er leikur vor.

6. Hver var að hlæja.

Hver var að hlæja, þegar ég kom inn,
kanski það hafi verið kötturinn.
Jæja, nú jæja, látum hann hlæja,
kanski hann hlæi ekki í annað sinn.

7. Tíu litlar ljúflingsmeyjar.

Tíu litlar ljúflingsmeyjar
laumuðust út úr stíu.
Amma náði í eina þeirra
og eftir voru níu.

Níu litlar ljúflingsmeyjar
um leiðina tóku' að þrátta.
Ein þeirra datt í lækinn,
þá voru eftir átta.

Átta litlar ljúflingsmeyjar
loftskip sáu tvö.
Ein þeirra varð uppnumin
og þá voru eftir sjö.

Sjö litlar ljúflingsmeyjar
ljúffengt átu kex.
Ein þeirra át yfir sig
og þá voru eftir sex.

Sex litlum ljúflingsmeyjum
leiddist nóttin dimm.
Ein þeirra sveif til sólar
og eftir voru fimm.

Fimm litlar ljúflingsmeyjar
ljótir eltu mórar.
Ein þeirra varð að skottu
og þá voru eftir fjórar.

Fjórar litlar ljúflingsmeyja
líðað greiddu hár.
Ein þeirra fékk geitur
og þá voru eftir eftir þrjár.

Þrjár litlar ljúflingsmeyjar
lauguðu hönd og tær.
Ein þeirra missti sokkinn sinn
og eftir voru tvær.

tvær litlar ljúflingsmeyjar
ljúfan hittu svein.
Hann vildi aðeins aðra
og þá var eftir ein.

Ein lítil ljúflingsmæ
lengi grét þann sveininn.
Þá kom digur dvergur
og dró hana' inn í steininn.

Í steininum hún sté þar dans,
við strákana' átta og níu.
Áður en liðu árin mörg,
þær aftur urðu tíu.

8. Hanna og kjóllinn.

Hún Hanna fór í kjóllinn
og hann var berjablár,
svo steig hún upp á stóllinn
og strauk sitt rauða hár,
og spegilinn hann sagði
“að sjá hvað þú ert fín,
í berjabláa kjólnum
með bönd og rykkilín”.

Mig langar líka að sauma
mér lítinn bláan kjól,
á litinn eins og berin
sem vaxa á álfahól,
og dilla mér með Hönnu
og dansa Óla skans,
og flétta svo úr sóleyjum
fínan blómakrans.

9. Litla kisa.

Litla kisa, litla kisa,
leptu rjómann þinn.
Langar þig að lúra,
liggja hér og kúra.
Víst þú hefur, víst þú hefur,
voða fallett skinn.

10. Kisa mín.

Kisa mín, kisa mín,
hvaðan ber þig að?
Og ég kem nú frá London,
þeim mikla og fræga stað.

Kisa mín, kisa mín,
hvað gerðiru þar?
Og ég var að veiða mýsnar
í höllu drottningar.

11. Fiskalagið.

Nú skulum við syngja um þorskana tvo,
sem ævi sína enduðu í netinu svo.
Þeir syntu, þeir syntu, þeir syntu um allt,
en mamma þeirra sagði “vatnið er kalt”.
;; Ba, ba, bú, bú, ba, ba, bú;;
Þeir syntu, þeir syntu, þeir syntu um allt,
en mamma þeirra sagði “vatnið er kalt”.

Einn hét Gunnar, en hinn hét Geir,
þeir voru pínulitlir, báðir tveir,
Þeir syntu, þeir syntu, þeir syntu um allt,
en mamma þeirra sagði “vatnið er kalt”.
;;Ba, ba, bú, bú, ba, ba, bú::

12. Kubbahús

Kubbahús við byggjum brátt
báðum lófum smellum hátt.
Kubbum röðum sitt á hvað.
Hver vill skemma það?

13. Óli fór til Bertu.

Óli fór til Bertu, bakarís tertu
og bað hana að kyssa sig.
Þá sagði Berta bakarís terta,
bara ef þú elskar mig.

Þá sagði Óli sem alltaf var á hjóli
Berta ég elska þig.
Þá sagði Berta bakarís terta
þá máttu kyssa mig.

14. Með sól í hjarta.

Með sól í hjarta og söng á vörum
við setjumst niður í grænni laut.
Í lágu kjarri við kveikjum eldinn
og kakó hitum og eldum graut.
(bíó bauk.....)

15. Ein stutt ein löng.

Ein stutt ein löng, hringur og stöng
og flokkur sem spilaði og söng.

Penni og gat og fata sem lak
fata sem lag og penni og gat

Ein stutt ein löng, hringur og stöng
og flokkur sem spilaði og söng.

köttur og mús og sætt lítið hús
sætt lítið hús og köttur og mús.

Ein stutt ein löng, hringur og stöng
og flokkur sem spilaði og söng.

Lítill og stór og feitur og mjór
feitur og mjór og lítill og stór.

Ein stutt ein löng, hringur og stöng
og flokkur sem spilaði og söng.

16. Nú er úti norðanvindur.

Nú er úti vorðanvindur,
nú er hvítur Esjutindur.
Ef ég ætti úti kindur,
mundi' ég láta' þær allar inn,
elsku bestu vinur minn.

::Úmbarassa, úmbarassa,
úmbarassasa::

Upp er runnin öskudagur,
ákaflega skýr og fagur.
Einn með poka ekki ragur
úti vappar heims um ból
Góðan daginn, gleðileg jól.

::Úmbarassa.....

Elsku bestu stálagrér,
heyriðu hvað ég segi þér:
“Þú hefur étið úldið smér
og dálítið af snæri
elsku vinurinn kærri

::Úmbarassa.....

Þarna sé ég fé á beit,
ei er því að leyndu.
Nú er ég komin upp í sveit
á rútunni hans Steina.
Skilurðu hvað ég meina?

::Úmbarassa.....

17. Frost er úti fuglinn minn.

Forst er úti fuglinn minn
ég finn hvað þér er kalt.
Nærðu engu í nefið þitt
því nú er frosið allt.
En ef þú býður augnablik
ég ætla að flýta mér
og byðja hana mömmu mína
um mylsnu handa þér.

18. Dansar á pallinum.

“Nafn” dansar á pallinum
en “nafn” skellihlær.
“Nafn” er á sokkunum
og “nafn” datt í gær.
“Nafn” keyrir bíl með “nafni” í
og “nafn” kastar bolta til “nafn”

19. Þegar barnið í föt sín fer.

Þegar barnið í föt sín fer,
fjarska margt að læra þörf er hér
fyrst er reynt að hneppa hnapp,
í hnappagatið loks hann slapp
renna lás og reima skó,
reyndar finnst mér komið nóg
þetta gjörvallt í grænum sjó.
Við skulum
::Hneppa, renna, smella, hnýta;(x3)
hnýta slaufu á skó.

20. Kalli litli könguló.

Kalli litli könguló
klifraði upp á múrinn.
Þá kom rigning
og Kalli litli datt.
Svo kom sólin
og þurrkaði hans kropp.
Kalli litli könguló
klifraði upp á topp.

21. Allur matur á að fara.

Allur matur á að fara
upp í munn og ofan í maga.
Heyrið það, heyrið það,
svo ekki gauli garnirnar.

22. Upp á grænum, grænm.

Upp á grænum, grænum himinháum hól,
sá ég hérahjónin ganga,
hann með trommu
bom, bom, bomba, romm, bomm, bomm,
hún með fiðlu sér við vanga.

Þá læddist að þeim ljótur byssukarl,
og miðaði í hvelli,
en hann hitti bara trommuna sem small,
og þau hlupu og héldu velli.

23. Tutt, tutt segir

Tutt, tutt segir bíllinn minn
ek ég beint í bílskúrinn.
Fingri styð á flautuna bíb-bíb
og fætinum á bremsuna íiiii (ískur).

Mér er sama því ég á
yndið mitt með augun blá
ljósa lokka og rjóða kinn
og legg ég hana í vagninn sinn, uss.

24. Við klöppum öll í einu.

::Við klöppum öll í einu:: x3
Það líkar okkur best.

Við: stöppum, hlæjum, grátum,
hvíslum, syngjum, hoppum, læðumst,
setjumst, göngum, sofum.

25. Einn og tveir og þrír.

Einn og tveir og þrír,
fjórir fimm og sex
sjö og átta, níu
teljum upp á tíu.
Lalalala o.s.frv.

26. Sértu glaður skaltu.

::Sértu glaður klappaðu með höndunum;;
Sértu alveg ofsaglaður,
alveg ofsaglaður maður.
Sértu glaður klappaðu með höndunum.

Sértu glaður stappaðu með fótunum....

Sértu glaður skaltu smella með fingrum....

Sértu glaður skaltu smella með vörunum....

Sértu glaður skaltu blikka með augunum.....

Sértu glaður skaltu banka í þinn haus....

Sértu glaður skaltu snúa þér í hring.....

27. Nú er að snjóa.

Nú er að snjóa, nú er að snjóa
hæ krakkar lítið þið á!
Því hvítu kornin, því hvítu kornin
nú falla himninum frá.
Og öll við ætlum nú út
að byggja úr snjó.
Við gerum snjóhús og kalla
því efnið er nóg!

Nú út í snjóinn, nú út í snjóinn
við skulum skell' okkur, já!
Í hlýjum fötum, í hlýjum fötum
sem skýla kuldanum frá.
Við tökum snjópotur fram
og þeysum af stað.
Og saman öll upp í brekku,
við höldum, húrra!!

28. Höfuð, herðar, hné og tær.

::Höfuð, herðar, hné og tær, hné og tær;;
augu, eyru, munnur og nef.
höfuð, herðar, hné og tær, hné og tær.

29. Það var einu sinni strákur.

Það var einu sinni strákur
sem átti lítinn bíl.
Lítinn bíl, bíl, bíl,
lítinn, lítinn, lítinn bíl.
Og kennslukonan sagði' onum
að semja um bílinn stíl,
bílinn stíl, stíl, stíl.
Semja um bílinn, bílinn stíl.

Hann þorði ekki að hika
hann hélt hún yrði reið,
yrði reið, reið, reið,
yrði voða, voða, reið.
Og settist við og samdi
þá sögu á þessa leið,
þessa leið, leið, leið,
þessa, þessa, þessa, leið.

30. Fingrapúla.

Pumalfingur er mamman,
sem var mér vænst og best
vísifingur er pabbi
sem gaf mér rauðan hest,
langatöng er bróðir,
sem býr til falleg gull,
baugfingur er systir
sem þrjónar sokka úr ull,
litli fingur er barnið
sem leikur að skel,
litli þínu anginn,
sem stækkar svo vel.
Hér er allt fólkið
svo fallett og nett,
fimm eru í bænum
ef talið er rétt.
Ósköp væri gaman
í þessum heim
ef öllum kæmi saman
jafn vel og þeim.

31. Óskasteinar (fann ég á fjalli)

Fann ég á fjalli fallega steina,
faldi þá alla, vildi þeim leyna,
huldi þá í hellisskúta heilla steina,
alla mína unaðslegu óskasteina.

Langt er nú síðan leit ég þá steina,
lengur ei man ég óskina neina
er þeir skyldu uppfylla um ævidaga,
ekki frá því skýrir þessi litla saga.

Gersemar mínar græt ég ei lengur,
getir þær fundið telpa eða drengur
silfurskæra kristalla með grænu og gráu,
gullna roðasteina rennda fjólubláu.

32. Piparkökusöngurinn.

Þegar piparkökur bakast
køkugerðarmaður tekur
fyrst af öllu steikarpottinn
og eitt kíló margarín.
Bræðir yfir eldi smjörrið
en það næsta sem hann gjörir
er að hræra kíló púður
saman við það, heillin mín.

Þegar öllu þessu er lokið
hellast átta eggjarauður
saman við og kíló hveiti
hrærir og í potti vel.
Síðan á að setja í þetta
eina litla teskeið pipar
svo er þá að hnoða deigið
breiða það svo út á fjöl.

33. Mér er kalt á tánum.

Mér er kalt á tánum
ég segi það satt.
Skólaus og skjálfandi
og hef engann hatt.

Það snjóaði í morgun
það snjóaði í dag.
Ég er hreint alveg ráðalaus
en hvað um það.

Ég syng mína vísu
um snjóinn og mig.
Tralla lalla lalla
um snjóinn og mig
(lag: Siggi var úti, án viðlags)

34. Það búa litlir dvergar.

Það búa litlir dvergar
í björtum dal.
Á bak við fjöllin háu
í skógarsal.
Byggðu hlýjan bæinn sinn
brosir þangað sólin inn.
Fellin enduróma
allt þeirra tal.

35. Lína langsokkur.

Hér skal nú glens og gaman
við getum spjallað saman.
Gáum hvað þú getur,
vinur, gettu hver ég er.
Verðlaun þér ég veiti,
ef veistu hvað ég heiti.
Vaðir þú í villu
þetta vil ég segja þér.
Hér sérðu Línu Langsokk
tralla hopp, tralla hei,
tralla hopp sa-sa.
Hér sérðu Línu Langsokk,
já, líttu það er ég.

36. Guttavísur.

Sögu vil ég segja stutta,
sem að ég hef nýskeð frétt.
Reyndar þekkið þið hann Gutta,
það er alveg rétt.
Óþekkur er ætíð anginn sá.
Út um bæinn stekkur hann
og hoppar til og frá.
Mömmu sinni unir aldrei hjá
eða gegnir pabba sínum.
Nei, nei, það er frá.
Allan daginn út um bæinn
eilíft heyrast köll í þeim
Gutti, Gutti, Gutti, Gutti
Gutti komdu heim

Andlitið á þeim stutta
oft sem rennblautt moldarflag.
Mædd er orðin mamma hans Gutta,
mælir oft á dag:
Hvað varst þú að gera, Gutti minn?
Geturðu aldrei skammast þín
að koma svona inn?
Réttast væri að flengja ræfilinn.
Reifstu svona buxurnar
og nýja jakkann þinn?
Þú skalt ekki þræta Gutti,
það er ekki nokkur vörn.
Almáttugur, en sú mæða
að eiga svona börn.

Gutti aldrei gegnir þessu
grettir sig og bara hlær
orðinn nærri að einni klessu
undir bíl í gær.
On' af háum vegg í dag hann datt
drottinn minn, og stutta nefið
það var alveg flatt.
Eins og pönnukaka, er það satt?
Ójá, því er ver og miður
þetta var svo bratt.
Nú er Gutta nefið snúið
nú má hafa það á tröll
Nú er kvæðið næstum búið,
nú er sagan öll.

37. Krummavísur.

Krummi svaf í klettagjá
kaldri vetrarnóttu á
;;verður margt að meini;;
Fyrir en dagur fagur rann
freðið nefið dregur hann
;;undan stórum steini;;

Á sér krummi yfði stél
einnig brýndi gogginn vel
;;flaug úr fjallagjótu;;
líður yfir byggð og bú
á bæinn fyrir en vakna hjú
;;veifar vængjum skjótum;;

38. Krummi krunkar úti.

Krummi krunkar úti
kallar á nafna sinn.
Ég fann höfuð af hrúti,
hrygg og gæruskinn.
;;Komdu nú og kroppaðu með mér
krummi nafni minn;;

39. Stóra brúin (Bílarnir aka..)

Stóra brúin fer ;;upp og niður;; (x3)
Stóra brúin fer upp og niður
allan daginn.
Bílarnir keyra yfir brúna.
Skipin sigla undir brúna
Flugvélar fljúga yfir brúna.
Fólkið gengur yfir brúna.

40. Labba út í mónum.

;;Labba út í mónum;;
;;tína ber;;
;;verða kalt á klónum;;
;;hlaupa, hlaupa heim;;

;;Klifra í klettunum;;
;;litast um;;
;;verða kalt á kollinum;;
;;hlaupa, hlaupa heim;;

;;Fara á skautum;;
;;renna geysihrott;;
;;verða kalt á tánum;;
;;hlaupa, hlaupa heim;;

;;Róa til fiskjar;;
;;renna og draga þorsk;;
;;háar eru bárunnar;;
;;best að halda heim;;

41. Blátt lítið blóm eitt er.

Blátt lítið blóm eitt er,
ber nafnið gleymdu ei mér.
Væri ég fleygur fugl,
flygi ég til þín.
Svo mína sálu nú
sigraða hefur þú,
engu ég unna má
öðru en þér.

42. Við göngum svo léttir í lundu.

Við göngum svo léttir í lundu
því lífsgleðin blasir oss við.
Við lifum á líðandi stundu,
við lokkandi söngvana klið.
Trallalallala.....

43. Kanntu brauð að baka

Kanntu brauð að baka?
Já, það kann ég.
Svo úr því verði kaka?
Já, það kann ég.
Ertu nú alveg viss um?
Já, það er ég.
Eða ertu ef til vill að gabba mig.
Nei.

Kanntu ber að tína?
Og stoppa í sokka mína?

Kanntu mat að sjóða?
Og gestum heim að bjóða?

Kanntu að sjóða fiskinn?
Og færa hann upp á diskinn?

Kanntu að vagga barni.
Prjóna sokka úr garni.

Kanntu að byggja bæinn?
Og sækja fisk í sæinn?

Sérðu hér er hringur.
Ég set hann á þinn fingur.

Prestinn mun ég panta.
Því hann má ei vanta.

44. Ein ég sit og sauma.

Ein ég sit og sauma
inní litlu húsi.
Enginn kemur að sjá mig
nema litla músin.

Hoppaðu upp og lokaðu augunum.
Bentu í austur. Bentu í vestur.
Bentu á þann sem að þér þykir bestur.

45. Ein stór og digur kerling.

Ein stór og digur kerling
í stígvéli bjó.
Svo marga hafði hún krakka
að meira var en nóg.
Ef þeir vildu ekki hlýða
hún tók þeim ærlegt tak.
Hún sló þau beint á bossann
og í bæli sín þau rak.

Viðlag:
;;Bull, bull, bull, bull og vitlaeysa;; (x4)

Einn skakkur og skríttinn maður
gekk skakka og skælda braut,
fann skakka og skælda krónu
í skakkri og skældri laut
og skakka og skælda kisu
með skakka og skælda mús
í skælt og skrítið hús.

Viðlag:

Ég mætti gömlum manni
í morgun í skúraveðri,
karlinn hann var klæddur
í kápu úr brúnu leðri.
Ég sá hann vildi' eitthvað segja,
svo ég aðeins beið.
-Já einmitt sagð'ann, já einmitt,
já, einmitt! og fór sína leið.

Viðlag:

46. Siggi var úti með ærnar í haga.

Siggi var úti með ærnar í haga,
allar hann hafði þær suður í mó.
Smeykur um holtin var hann að vaga
vissi' hann að lágfóta dældirnar smó.
;;Gagg, gagg, gagg, segir tófan á gróti;;
Gráuleitum augunum trúi ég hún gjóti,
aumingja Siggi hann þorir ekki heim.

47. Strætisvagninn.

Hjólin á strætó fara í hring
Hring, hring, hring, hring, hring....
Hjólin á strætó snúast í hring...
gegnum allan bæinn.

Dyrnar á strætó opnast út og inn...
Peningarnir í strætó segja kling...
Bílstjórinn í strætó segir uss...
Flautan í strætó segir bibú bibú...
Fólkið í strætó segir bla, bla, bla...
Börnin í strætó segja hí, hí, hí,

48. Um landið bruna bifreiðar.

Um landið bruna bifreiðar.....
með þeim við skulum fá oss far,
og ferðast hér og þar.

Babú babú tralalalalala,
Babú babú tralalalalala,

Um loftið fljúga flugvélar.....
Um höfin sigla skúturnar.....

49.Ég lonniétturarnar lét á nefið

Ég lonniétturarnar lét á nefið
svo lesið gæti ég frá þér bréfið.
Ég las það oft og mér leiddist aldrei
og lifað gæti ég ei án þín.
;;Tra la la la la la ljúfan;;
Ég las það oft og mér leiddist aldrei
og lifað gæti ég ei án þín.

50. Dúkkan hennar Dóru.

Dúkkan hennar Dóru var með
sótt, sótt, sótt.
Hún hringdi á lækni og sagði komdu
fljótt, fljótt, fljótt.
Læknirinn kom með sína tösku
og sinn hatt.
Hann bankaði á hurðina
ratt datt datt datt datt
Hann skoðaði dúkkuna
og hristi sinn haus
hún strax skal í rúmið
og ekkert raus.
Hann skrifaði niður
hvaða pillur hún skildi fá,
ég kem aftur á morgun
ef hún er enn veik þá.

51. Á sandi byggði.

;;Á sandi byggði
heimskur maður hús;;(x3)
og þá kom steypiregn
;;og þá kom steypiregn
og vatnið óx og óx;;(x3)
og húsið á sandinum féll.

;;Á bjargi byggði
hygginn maður hús;;(x3)
og þá kom steypiregn
;;og þá kom steypiregn
og vatnið óx og óx;;(x3)
og húsið á bjarginu stóð.

52. Ég á gamla frænku.

Ég á gamla frænku
sem heitir Ingeborg.
Við eftir henni hermum
er hún gengur niður á torg.

;;Og svo sveiflast fjöðrin
og fjöðrin sveiflast svo;;

;;Og svo sveiflast hatturinn
og hatturinn sveiflast svo;;

;;Og svo sveiflast sjalið
og sjalið sveiflast svo;;

;;Og svo sveiflast pilslið
og pilslið sveiflast svo;;

;;Og svo sveiflast frænkan
og frænkan sveiflast svo;;

53. Í Hlíðarendakoti.

Fyrr var oft í koti kátt,
krakkar léku saman.
Þar var löngum hlegið hátt,
hent að mörgu gaman.
Út um séttar urðu þar
einatt skrytnar sögur,
þegar saman safnast var
sumarkvöldin fögur.

54. Litla flugan.

Lækur tifar létt um máða steina.
Lítil fjóla grær við skriðufót.
Bláskel liggur brotin milli hleina.
Í bænum hvílir íturvaxin snót.
Ef ég væri orðin lítil fluga,
ég inn um gluggann þreytti flugið mitt,
og þó ég ei til annars mætti duga,
ég eflaust gæti kitlað nefið þitt.

55. Stökur

Afi minn og amma mín.

Afi minn fór á honum rauð.

Fljúga hvítu fiðrildin.

Sigga litla systir mín.

Buxur, vesti, brók og skó,
bætta sokka nýta,
húfutetur, hálsklút þó,
háleistana hvíta.

Klappa saman lófunum,
reka féð úr mounum,
vinna sér inn bita,
láta ekki hann þabba vita.

Stígur hún við stökkinn
stuttan ber hún sokkinn,
ljósan ber hún lokkinn,
litli stelpuhnokkinn.

Við skulum róa á selabát
fyrst við erum fjórir.
Það eru bæði þú og ég
stýrimaður og stjóri.

Gryla á sér lítinn bát
rær hún yfir sandi,
þegar hún heyrir barnagrát
flýtir hún sér að landi.

Hani, krummi, hundur, svín,
hestur, mús, tittlingur.
Galar krunkar, geltir, hrín,
hneggjar, tístir, syngur.

Kristín litla komdu hér
með kalda fingur þína
ég skal bráðum bjóða þér
báða lófa mína.

56. Ef þú giftist.

Ég skal gefa þér kökusnúð
með kardemommum og sykruhúð
ef þú giftist, ef þú bara giftist,
ef þú giftist mér.

Ég skal gefa þér gull í tá
og góða skó til að dansa á
ef þú giftist.....

Ég skal elska þig æ svo heitt
að aldrei við þurfum að kynda neitt
ef þú giftist....

Ég skal syngja þér ljúflings lög
og leika undir á stóra sög
ef þú giftist.....

Ég skal fela þig fylgsnum í
svo finni þig ekkert pólití
ef þú giftist.....

57. Sá ég spóa.

Sá ég spóa
suður í flóa
syngur lóa
út í móa.
Bí, bí, bí, bí,
vorið er komið
víst á ný

58. Meistari Jakob

::Meistari Jakob::
::Sefur þú?::
::Hvað slær klukkan?::
::Hún slær þrjú::

59. Litla kvæðið um litlu hjónin.

Við lítinn vog, í litlum bæ
er lítið hús, lítið hús.
Í leyni inni? í lágum vegg
er lítil mús, lítil mús.
Um litlar stofur læðast hæg
og lítil hjón,
því lávaxin er litla Gunna
og litli Jón.

Þau eiga lágt og lítið borð
og lítinn disk, lítinn disk
og litla skeið og lítinn hníf
og lítinn fisk, lítinn fisk
og lítið kaffi, lítið brauð
og lítil grjón.
Því líðið borða litla Gunna
og litli Jón.

Þau eiga bæði létt og lítil
leyndarmál, leyndarmál,
og lífið gaf þeim lítinn heila
og litla sál, litla sál.
Þau miða allt sitt litla líf
við lítinn bæ
og lagan himinn, litla jörð
og lygnan sæ.

Þau höfðu lengi litla von
um lítil börn, lítil börn
sem léku sér með lítil skip
við litla tjörn, litla tjörn,
en loksins sveik sú litla von
þau litlu flón,
og lítið elskar litla Gunna
hann litla Jón.

60. Kaupmaðurinn og Stína.

Á kaupmanninn rétt við búðarborðið
svo brosfögur horfði Stína.
Ég ætla bara að kaupa klæði
í kjól á brúðuna mína.

Og hvaða lit viltu ljúfan sagði hann,
á litlu brúðuna þína?
Hvað auðvitað rauðan, ósköp rauðan
með ákafa svaraði Stína.

Hann brosandi fór og klippti klæðið.
Hvað kostar það spurði Stína.
Einn koss, hann svaraði, kostar klæðið
í kjól á brúðuna þína.

Í búiðinni glumdi við gleðihlátur
er glaðlega svaraði Stína.
Hún mamma kemur í bæinn bráðum
og borgar skuldina mína.

61. Hreyfa-frjósa söngurinn.

Hreyfa litla fingur, hreyfa litla fingur
hreyfa litla fingur og frjósa eins og skot.

Hreyfa lítinn nebba, hreyfa lítinn nebba,
hreyfa lítinn nebba og frjósa eins og skot.

Hreyfa lítinn maga, hreyfa lítinn maga,
hreyfa lítinn maga og frjósa eins og skot.

Hreyfa litla rassa, hreyfa litla rassa,
hreyfa litla rassa og frjósa eins og skot.

..O.s.frv. (getur verið hvaða hluti
líkamans sem er og eitthvað dýr)

62. Allir hafa eitthvað til að ganga á.

Viðlag:

Allir hafa eitthvað til að ganga á.
Teygðu fram löppina og lof mér að sjá.

Fíllinn hefur feitar tær,
ljónið hefur loppur tvær,
músin hefur margar smáar,
en ormurinn hefur ansi fáar.

Viðlag.

Fiskurinn hefur fínan ugga,
flóðhesturinn engan skugga,
krókódfíllinn kjaftinn ljóta,
sá er sko klár að láta sig fljóta.

Viðlag.

Á vængjunum fljúga fuglarnir,
á fótunum ganga trúðarnir,
á hnúunum hendast aþarnir,
á rassinum leppalúðarnir.

Viðlag.

63. Við erum söngvasveinar.

;;Við erum söngvasveinar
á leiðinni út í lönd;;
Við leikum á flautu
skógarhorn og skógarhorn.
Við leikum á flautu
fiðlu og skógarhorn.

Og við skulum dansa
hoppssassa, hoppssassa, hoppssassa
og við skulum dansa
hoppssassa, hoppssassa.

64. Út um mela og móa.

Út um mela og móa
syngur mjúkrödduð lóa
og frá sporléttum spóa
heyrir sprellfjörugt lag.

Viðlag:
;;Holle-radderí og holle-raddira gú-gú;;(x4)
Holle-radderí og hó.

Út um strendur og stalla
hlakkar stór veiðibjalla
heyrir ómana alla
út um flóa og fjörð.

Viðlag.

Hér er krían á kreiki,
þarna' er krumminn á reiki.
Börnin léttstíg í leiki
fara líka í dag.

Viðlag.

Hljóma lögin við látum,
hæfir lífsglöðum skátum,
rómi kveða með kátum
hérna kringum vorn eld.

Viðlag.

65. Ísland er land þitt.

Ísland er land þitt og ávallt þú geymir
Ísland í huga þér hvar sem þú ferð.
Ísland er landið sem ungan þig dreymir,
Ísland í vonanna birtu þú sérð.
Ísland í sumarsins algræna skrúði,
Ísland með blikandi norðljósatraf.
Ísland er feðranna afrekum hlúði.
Ísland er foldin sem lífið þér gaf.

66. Hann Tumi fer á fætur.

Hann Tumi fer á fætur
við fyrsta hanagal
að sitja yfir ánum
lengst inn í Fagra dal.

Hann lætur hugann líða
svo langt um dag og fjöll,
því kóngur vill hann verða
í voða stórri höll.

Og Snati hans er hirðfífl
og hrútur ráðgjafinn,
og smalahóll er höllin
En hver er drottningin?

67. Pálína með prikið.

Pálína með prikið
potar sér gegnum rykið
rogast hún með rjóma
rembist hún með smjör
þetta verður veisla
vítamín og fjör
;;Pálína með prikið;;

Pálína með pakkann
þakkar heim allan bakkann.
Vertu ekki reið þó vísan sé um þig,
Pálína með pakkann
passar fyrir mig.
;;Pálína með pakkann;;

68. Við göngum mót hækkandi sól.

Við göngum mót hækkandi sól, sól, sól,
og sjáum hana þíða allt er kól,kól, kól.
;;Svo vætlurnar streyma
og vetrinum gleyma
því vorið er komið með sól, sól, sól;;

69. Snert hörpu mína.

Snert hörpu mína himinborna dís,
svo hlusti englar Guðs í Paradís.
Við götu mína fann ég fjalarstúf
og festi á hann streng og rauðan skúf.

Úr furutré, sem fann ég út við sjó,
ég fugla skar og líka úr smiðjumó.
Í huganum til himins oft ég svíf
og hlít að geta sungið í þá líf.

Þeir geta sumir synt á læk og tjörn,
og sumir verða alltaf lítil börn.
En sólin gyllir sund og bláan fjörð
og sameinar með töfrum loft og jörð.

Ég heyri í fjarska villtan vængjabyt.
Um varpann leikur draumsins perluglit.
Snert hörpu mína, himinborna dís,
og hlusti englar guðs í paradís.

70. Í rigningu ég syng.

;;Í rigningu ég syng;;
Það er stórkostlegt veður,
mér líður svo vel.
Armar fram og armar að.
Tjutti tja, tjutti tja, tjutti tja, tja.

Beygja hné.
Rassinn út.
Inn með tær.
Hakan upp.
Út með tungu.

71. Hér búálfur á bænum er.

Hér búálfur á bænum er á bjálkalofti dimmuni í
Hér búálfur á bænum er á bjálkaloftinu.
Hann stappar fótum, hoppar hátt,
og haframjölið étur hrátt.
Hér búálfur á bænum er á bjálkaloftinu .

72. Það sem ekki má

Það má ekki pissa bak við hurð
og ekki henda grjóti oní skurð
ekki fara'í bæinn
og kaupa popp og tyggjó
og ekki nota skrúfjárn fyrir sleikjó.

Það má ekki vaða út í sjó
og ekki fylla húfuna af snjó
ekki tína blómin
sem eru út í beði
og ekki segja ráddi heldur réði

Viðlag:

Þetta fullorðna fólk er svo skrítið
það er alltaf að skamma mann
þó maður geri ekki neitt
það er alltaf að skamma mann.

Það má ekki skoða lítinn kall
og ekki gefa ketti drullumall
ekki skjóta pabba
með byssunni frá ömmu
og ekki tína orma handa mömmu.

Það má ekki hjóla inn í búð
og ekki gefa litla bróður snúð
ekki fara'að hlæja
þó einhver sé að detta
og ekki gera hitt og ekki þetta.

Viðlag.

73. Fram fram fylking.

Fram fram fylking
forðum okkur háska frá,
því ræningjar oss vilja ráðast á.
Sýnum nú hug, djörfung og dug.
Vaki, vaki vaskir menn,
voða ber á höndum.
Sá er okkar síðast fer,
sveipast hörðum böndum.

74. Sex litlar endur

Sex litlar endur þekki ég
fimm eru mjóar og ein er sver.
Ein þeirra vappar og segir
kvakk, kvakk, kvakk.

Niður að sjónum vilja þær
vagga, vibbe, vabbe, vibbe, vabbe,
til og frá.

Ein þeirra vappar og sperrir stél
fremst í flokki og segir
kvakk, kvakk, kvakk.
Segir kvakk, kvakk, kvakk.

75. Snæfinnur Snjókarl.

Snæfinnur snjókarl var með snjáðan pípuhatt
gekk í gömlum skóm og með grófum róm
gat hann talað rétt og hratt.
Snæfinnur snjókarl, var bara sniðugt ævintýr,
segja margir menn en við munum enn
hve hann mildur var og hlýr.

En galdrar voru geymdir í gömlu skónum hans
er lét hann þá á fætur sér
fór hann óðara í dans.
Já Snæfinnur snjókarl, hann var snar að lifna við
og í leik sér brá æði léttur þá
uns hann leit í sólskinið.

76. Vögguvísa (úr dýrin í hálsaskógi)

Dvel ég í draumahöll
og dagana lofa.
Litlar mýs um löndin öll
liggja nú og sofa.
Sígur ró á djúp og dal
dýr til hvílu ganga.
Einnig sofna skolli skal
með skottið undir vanga.

77. Litlu andarungarnir.

Litlu andarungarnir
;;allir syngja vel;;
;;Höfuð hneigja'í djúpið
og hreyfa lítið stél;;

Litlu andarungarnir
;;ætla út á haf;;
;;Fyrst í fjarlægð skima
og fara svo í kaf;;

78. Sunnudagur sagði: (Pula)

Sunnudagur sagði:
þorið þið að mæta mér?
Mánudagur flýtti sér.
Þriðjudagur þagði.
Miðvikudagur fór svo flatt,
að fimmtudagur um hann datt.
En föstudagur hljóp svo hratt
að hendur á hann lagði
laugardagur, byrstur mjög í bragði.
En þá var vikan liðin
og kyssti litlu börnin,
sem lásu og voru iðin,
þetta er alveg satt.
Svo kemur næsta vika,
þá gengur það nú glatt.

79. Þegar fólkið fer að búa.

Þegar fólkið fer að búa
fer storkurinn að fljúga
en fyrr en nokkurn varir
syngur smábarnakór.
Það þarf að skipta á bleyjum,
á þessum litlu greyjum,
og þvo þær síðan upp úr
þvottadufti og klór.

80. Datt í kolakassann.

“Nafn” datt í kolakassann
hæfadderí, fadderall-all-a.
”Nafn” átti að passa hann/hana
hæfadderí, fadderall-all-a

Ef hann/hún “nafn” vissi það
þá yrði”nafn” alveg steinhissa.
Hæfadderí hæfaddera,
hæfadderí fadderall-all-a.

81. Best er að vera bóndakona.

Best er að vera bóndakona,
búa með manni duglegum.
Álit mitt það er nú svona
að allt sé fullt af skyrdöllum.
Eyvindur minn með drógina sína,
Guðný mín með börnin sín,
ærnar mína, kýrnar mínar,
byttan mín og myllan mín.
Eldhúsið mitt, búrið mitt,
baðstofan mín og loftið mitt,
heyin mín, lömbin mín,
Heimaflekkur og Mosa.

82. Öxar við ána.

Öxar við ána,
árdags í ljóma
upp rísi þjóðlið og skipist í sveit.
Skjótum upp fána,
skært lúðrar hljóma,
skundum á Þingvöll og treystum vor heit.
Fram, fram, aldrei að víkja.
Fram, fram, bæði menn og fljóð.
Tengjumst tryggðarböndum,
tökum saman höndum,
stríðum, vinnum vorri þjóð.

83. Maístjarnan.

Ó hve létt er þitt skóhljóð
og hve lengi ég beið þín,
það er vorhret á glugga,
napur vindur sem hvín,
en ég veit eina stjörnu,
eina stjörnu sem skín,
og nú loks ertu komin,
þú ert komin til mín.

Það eru erfiðir tímar,
það er atvinnuþref,
ég hef ekkert að bjóða,
ekki ögn sem ég gef,
nema von mína og líf mitt
hvort ég vaki eða sef,
þetta eitt sem þú gafst mér
það er allt sem ég hef.

En í kvöld lýkur vetri
sérhvers vinnandi manns,
og á morgun skín maísól,
það er maísólin hans,
það er maísólin okkar,
okkar einingarbands,
fyrir þér ber ég fána
þessa framtíðarlands.

84. Hafið bláa hafið.

Hafið bláa hafið hugann dregur,
hvað er bak við ystu sjónarrönd?
Þangað liggur beinn og breiður vegur,
bíða mín þar æsku draumalönd.
Beggja skauta byr
bauðst mér aldrei fyrir,
brunaðu nú bátur minn,
svífðu seglum þöndum,
svífðu burt frá ströndum,
fyrir stafni haf og himininn.

85. Apalagið.

5 litlir apar sátu upp í tré
þeir voru að stríða krókódíl
þú nærð ekki mér
þá kom hann herra krókódíll
hægt og rólega og hamm.....

4 litlir, 3 litlir, 2 litlir 1 lítill

En er hann þá búinn að borða
alla litlu apana?
Eigum við að bjarga þeim?
Þá grípum við í halann á krókódílnum
og slengjum honum á bakið
skerum svo á magann og....
þá vex upp nýtt tré og allir litlu aparnir
koma skriðandi upp í það...

5 litlir apar....
þá kom hann herra krókódíll hægt og rólega og..
Hvað þá? Náð'ann þeim?

86. Tilfinningarblús.

Ég finn það ofan í maga o hó
Ég finn það niður í fætur o hó
Ég finn það fram í hendur o hó
Ég finn það upp í höfuð o hó

Viðlag:

;;Ég finn það hér og hér og hér og hér
og hér og hér og hér
hvað ég er glöð/glaður
hér inn í mér;;

Ég finn það ofan í maga o hó (o.s.frv...)

Ath! Í stað þess að nota glöð er hægt að nota:
Svöng/svangur, reið/reiður, hissa, feimin/inn, södd/saddur o.s.frv.

87. Gráður kelling.

Gráðug kelling hitaði sér velling
og borðaði, namm, namm, namm,
síðan sjálf, jamm, jamm, jamm,
af honum heilan helling.
Svangur kallinn
var alveg dolfallinn
starði svo sko, sko, sko
heilan dag oho, ho, ho
o'n í tóman dallinn
aumingja kallinn.

88. Komdu kisa mín.

komdu kisa mín,
kló er falleg þín,
og grátt þitt gamla trýn.
Mikið malar þú,
mér það líkar nú,
víst ert þú vænsta hjú.
Banar margri mús,
mitt þú friðar hús.
Ekki er í þér lús,
oft þú spilar brús.
Undrsniðug,
létt og liður
leikur bæði snör og fús.
Við skulum drekka dús.

89. Hóký Póký.

Við setjum hægri höndina inn,
við setjum hægri höndina út,
við setjum hægri höndina inn
og hristum hana til.
Við gerum hóký póký
og snúum okkur í hring
Þetta er allt og sumt.

:: Ó hóký, hóký, póký;; (x3)
Þetta er allt og sumt.

(Sungið er eins um vinstri hönd, hægri fót, vinstri
fót, hægri mjöðm og vinstri mjöðm o.s.frv.)

90. Ég heyri svo vel.

Viðlag:

Ég heyri svo vel, ég heyri grasið gróa,
ég heyri svo vel, ég heyri snjóin snjóa,
ég heyri svo vel, ég heyri orminn mjóa,
heyri hárið vaxa,
heyri neglurnar lengjast,
heyri hjartað slá.

Þú finnur það vel, allt færast nær þér,
þú finnur það vel, þú kemur nær mér,
þu finnur það vel, allt, fæðist í þér,
andlitin lifna
og húsin dansa
og vindurinn hlær.

Viðlag.

91. Í grænni lautu.

Í grænni lautu,
þar geymi ég hringinn,
sem mér var gefinn
og hvar er hann nú?
Sem mér var gefinn
og hvar er hann nú?

92. Syngjandi geng ég allstaðar.

Viðlag.

Syngjandi hér, syngjandi þar,
syngjandi geng ég allsstaðar
sí og æ, æ og sí,
aldrei fæ ég nóg af því.

Einu sinni ég átti kú.
Einu sinni ég átti kú.
Hún sagði ekki mö, heldu ba, ba, bú.
Já býsna skrítin var kýrin sú.

Viðlag.

Einu sinni átti ég geit,
Einu sinni átti ég geit
Hún fékkst aldrei til að fara á beit.
Því feimin hún var og undirleit.

Viðlag.

Ég átti hrút, og hann var grár.
Ég átti hrút, og hann var grár.
Svo skipti? 'hann um lit og eftir ár
hann orðinn var næstum því fjólublár.

Viðlag.

Ég átti líka hund sem oft svaf fast.
Ég átti líka hund sem oft svaf fast.
og þegar rigndi og það var hvasst,
þá fékk hann alltaf gigtarkast.

Viðlag.

Ég átti klár sem Kappi hét.
Ég átti klár sem Kappi hét.
Og ef ég hnakk minn á hann lét,
hann útaf lagðist og stundi og grét.

Viðlag.

Ég átti fugl sem í búi bjó.
Ég átti fugl sem í búi bjó.
Hann aldrei söng, jafnvel þó
að undir væri leikið á píanó.

Viðlag.

Ég átti kött sem var klókur og vís.
Ég átti kött sem var klókur og vís.
Hann andvígur því að eltast við mýs,
en át bara kökur og rjómaís.

93. Á Sprengisandi.

Ríðum, ríðum rekum yfir sandinn,
rennur sól á bak við Arnarfell,
hér á reiki' er margur óhrein andinn,
úr því fer að skyggja á jökulsvell.
;;Drottinn leiði drösulinn minn
drjúgur verður síðasti áfanginn;;

Þey, þey, þey, þey, þaut í holti tófa,
þurran vill hún blóði væta góm,
eða líka einhver var að húa
undarlega digrum karlaróm,
;;Útilegumenn í Ódáðahraun
eru kanske' að smala fé á laun;;

Ríðum, ríðum, rekum yfir sandinn,
rökkrið er að síga' á Herðubreið,
álfadrottning er að beisla gandinn,
ekki' er gott að verða' á hennar leið.
Vænsta klárinn vildi' ég gefa til
að vera komin ofan í Kiðagil;;

94. Heyrðu Lobba.

Heyrðu Lobba viltu ljá mér litla hvorpinn þinn?
Heldurðu að ég meiði nokkuð þetta litla skinn?
Ég skal fara varlega og hafa gát á því
að hann detti ekki í gólfið og reki nefið í.

Mig langar til að skoða skæru augun blá
og skrítnu litlu rófunu sem er aftan á.
Láta hann svo hlaupa á litlu fótunum
og leika mér svo dálítið við hann og klappa honum.

Ætlarðu ekki Lobba mín að lána mér hann
ég læt þig hafa í staðinn beiðnið sem ég fann.
Það er sjáðu utan á því ofurlítið ket
og seinna skal ég gefa þér meira ef ég get.

Ég verð nú ekki lengi að naga beinið þitt
enn náttúrulega máttu skoða litla skinnið mitt.
En ef hann fer að væla og ef það koma tár
þá ættir þú að vara þig því ég get orðið sár.

95. Langamma.

Ég langömmu á sem að létt er í lund
hún leikur á gítar hverja einustu stund.
Í sorg og í gleði hún leikur sitt lag,
jafnt sumar sem vetur,
jafnt nótt sem dag.

Eitt kvöldið er kviknað í húsinu var
og brunaliðsbíllinn kom æðandi' að þar.
Er eldurinn logaði' um glugga og göng
fór sú gamla uppá þakið
og spilaði og söng.

Eitt haustið hún gat ekki húsnaðið greitt
hún varð því að flytja,
það fannst mörgum leitt.
Hún sat uppá bílnum, þótt leið væri löng
og látlaust hún spilaði' á gítar og söng.

96. Vorið er komið

Vorið er komið, og grundirnar gróa,
gilin og lækirnir fossa af brún.
Syngur í runna, og senn kemur lóa,
svanur á tjarnir og þröstur í tún.
;;Nú tekur hýrna um hólma og sker,
hreiðra sig blikinn og æðurin fer;;
Hæðirnar brosa og hlíðarnar dala,
hóar þar smalinn og rekur á ból.
Lömbin sér una um blómgaða bala,
börnin sér leika að skeljum á hól.

97. Inn og út um gluggann.

Inn og út um gluggann,
inn og út um gluggann,
inn og út um gluggann,
og allt á sömu leið.
Nem ég staðar bak við hann/hana(nafn)
Nem ég staðar bak við hann/hana(nafn)
Nem ég staðar bak við hann/hana(nafn)
svo fer hún/hann sína leið.

98. Sjö litlar mýs.

Sjö litlar mýs sátu í hóp,
er síðkvöld út í garðinn ég fór.
Eruð þið ekki hræddar?
Undrandi ég spurði.
En undireins þær svöruðu í kór

Allar saman nú einn, tveir, þrír.
Nei, við ætlum að vera
svo ósköp þæg og góð
svo allir geti haft það gott
hjá músapjóð.
Jólunum á, eru allir vinir
og við syngjum fagnaðarljóð.

Þá heyrðist hviss, en kyrrar sátu mýsnar
er kisuhópur framhjá þeim fór.
Ég spurði: Ætlið þið kisu
að éta lilu mýsnar?
En undireins þær svöruðu í kór:

Allar saman nú o.s.frv.

Ég fór inní hús, og hitti börn sem
voru að hjálpa mömmu glaðleg og rjóð.
Ég spurði: Eruð þið hætt að
hrekkja og vera óþekkt?
Og hýr og glöð þau sungu þetta ljóð:

Allir saman nú einn, tveir, þrír.
Nei við ætlum að vera
svo ósköp þæg og góð,
svo allir geti haft það gott
hjá vorri þjóð.
Jólunum á, eru allir vinir
og við syngjum fagnaðarljóð.

99. Upp, upp.

Upp, upp, upp á fjall,
upp á fjallsins brún.
Niður, niður, niður, niður,
alveg niður á tún.

100. Tannpínusöngurinn.

Ég týnt hefi öllum
tönnunum mínum.
Tannpínupúkinn þar
læddist í feitt,
áður ég tyggði með tönnum
sem þínum.
Nú tel ég slíkt fráleitt –
ég tygg ekki neitt..

Viðlag:

Hann er tannlaus, greyið,
takið eftir því,
tönnunum hann týndi
sykursnúði í.
Nú er illt í efni,
ekkert tyggja má.
Ekki er heldur frýnilegt
að horfa á.

Sjáið mig,
er ég segi' ykkur þetta:
Sætindi öll er
tönnunum böll.
Annaðhvort munu
þær ein og ein detta
ellegar eyðast og
verða' ykkur kvöl.

Viðlag:

Illt er að'búa
við ólukkans púka.
Aumt er að hafa'ekki
tennur sem þið.
Sælgætið má ekki
gera'ykkur sjúka,
því séður er púki.
Hann gefur ei grið.

Viðlag.

106. Ánamaðkur, kakkalakki og könguló.

Ég fann lítinn ánamaðk í dag
ég fann rauðan ánamaðk í dag
ég fann skrýtinn ánamaðk í dag.
Tra la la la la la la lei.

Ég fann svartan kakkalakka í dag,
ég fann lítinn kakkalakka í dag
ég fann svartan kakkalakka í dag,
Tra la la la la la la lei.

Og þegar kakkalakkinn hló
þá fengu allir nýja skó.
Og þegar haninn galaði:
Gaggala, gaggala, gó
þá fór hann Gvendur út á sjó.

Ég fann bláa könguló í dag,
könguló með fjólubláan staf,
ég fann stóra könguló í dag.
Tra la la la la la la lei.

Þegar köngulóin hló,
þá fékk hún átta nýja skó.
Og þegar haninn galaði:
Gaggala, gaggala, gó
þá fór hann Gvendur út á sjó

Ég fann rauðan orm í Reykjavík,
ég fann gulan orm í Keflavík.
Ég fann litla ormamaðka' í dag.
Tra la la la la la la lei.

Og þegar ormapabbinn hló,
þá fengu allir nýja skó
Og þegar haninn galaði :
Gaggala, gaggala, gó
þá fór hann Gvendur út á sjó.

107. Álfadans.

Máninn hátt á himni skín
hrímfölnur og grár.
Líf og tími líður,
og liðið er nú ár.
Bregðum blysum á loft,
bleika lýsum grund.
Glottir tungl og hrín við hrönn,
og hratt flýr stund.

Kyndla vora hefjum hátt,
horfið kveðjum ár.
Dátt vér dansinn stígum,
dunar ísinn grár.

Komi hver, sem koma vill.
Komdu nýja ár.
Dönsum dátt á svelli,
dunar ísinn blár.

108. Söngur dýranna.

Hann fór í veiðiferð í gær
hann Úrgang bóndi.
Hann skildi húsið eftir autt
og okkur hér.
Við erum glöð á vorri stund
og syngjum saman.
Stemmuna sem hann
Helmund kenndi mér.
Köttur, klukka, hreindýr, svín
og endur fyrir löngu,
hófu saman búskap hér og sjáááá.

109. Bagga lútur.

Hvað kanntu að vinna,
Baggalútur minn?
Þráðarkorn að spinna
og elta lítið skinn.
Kveikja ljós og sópa hús
bera inn ask og fulla krús
og fara fram í eldhús.

110. Nú liggur vel á mér.

Stína var lítil stúlka í sveit,
stækkaði óðum blómleg og heit.
Hún fór að vinna, varð margt að gera,
lærði að spinna, látum það vera.
Svo var hún úti sumar og haust,
svona var lífið strit endalaust.
Samt gat hún Stína söngvana sína
sungði með hárra raust.

Viðlag.

Nú liggur vel á mér, nú liggur vel á mér.
Gott er að vera léttur í lund,
lofa skal hverja ánægjustund.

Gaman fannst Stínu að glettast við pilt,
gaf hún þeim auga, var oftast stillt.
Svo sá hún Stjána, Það vakti þrána,
hann kom á Grána út yfir ána.
Sæl var hún Stína saklaus og hraust,
svo fór hann burtu koldimmt um haust,
samt gat hún Stína söngvana sína
sungði með hárra raust.

Viðlag.

Nú er hún Stína gömul og grá,
getur þó skemmt sér dansleikjum á,
situr hún róleg, horfir á hina
hreyfast í takt við dansmúsikina.
Alltaf er Stína ánægð og hraust,
aldrei finnst henni neitt tilgangslaust.
Enn getur Stína söngvana sína
sungði með hárra raust.

Viðlag.

111. Dýrin í Afríku.

Hér kom vísur,
sem þig viljið kanski heyra,
um dýrin úti í Afríku,
um apana og fleira.

Viðlag:
;;Oja-oja a-ha-ha;;
Um dýrin úti í Afríku
um apana og fleira.

Hæst í trjánnum hanga þar,
hnetur og bananar.
Þar hefðarapar hafa bú
þeir heita bavíanar.

Viðlag.

Úr pálmablöðum eru gerðar
apabarnavöggur.
En barnfóstran er voða gamall
páfagaukaskröggur.

Viðlag.

Hér þarf ekkert brunalið
og engan brunahana.
Því fíllinn slekkur allan eld,
með ógnarlöngum rana.

Viðlag.

Kóngurinn í skóginum
er ljónið sterka og stóra.
Hans kona ljónadrottningin
hún étur á við fjóra.

Viðlag.

Í trjánnum sitja fuglarnir
og syngja allan daginn.
En vatnahestur bumbu ber
og bumban það er maginn.

Viðlag.

Þetta er fjörug músik
svo öll dýrin fara að dansa.
Þau dansa fram á rauðanótt
og vilja ekki stansa.

Viðlag.

Hjá gíröffunum var sút og sorg.
Það var svei mér ekki af engu.
Því átta af litlu gíröffunum
illt í hálsinn fengu.

Viðlag.

En nashyrningur læknir,
kom með nefklemmur og tösku.
Og hann gaf öllum hálstöflur
og hóstasaft úr flösku.

Viðlag.

Krókódíllinn stóri
hann fékk kveisu hérna um daginn.
Hann hafði étið apakött,
sem illa þoldi maginn.

Viðlag.

Svo var skinnið skorið upp,
ja, skelfing er að heyra.
Kvæðið langtum lengra er,
en ég lærði ekki meira.

Viðlag.

116. Í rigningu ég syng.

Í rigningu ég syng, í rigningu ég syng
það er stórkostlegt veður
mér líður svo vel.

Stjórnandinn segir fyrst og síðan þátttakendur
Arma út, a tjútti tja, a tjútti tja, a tjútti tja tja

Vísan er sungin á milli og þá leiðast allir í hring.

Arma inn.
Beygja hnén.
Út með rassinn.
Inn með tærnar.
Upp með hökuna.
Út með tunguna.

A tjútti tja, a tjútti tja, a tjútti tja tja.

117. Ding Dong.

Ding, dong sagði lítill grænn froskur einn dag.
Ding dong sagði lítill grænn froskur.
Ding dong sagði lítill grænn froskur einn dag
og svo líka ding, dong spojojojo.....

King kong sagði stór svartur api einn dag.
King kong sagði stór svartur api.
King kong sagði stór svartur api einn dag
og svo líka king kong ahh.....

118. Híf opp æpti karlinn.

Viðlag.

Hífopp!” æpti karlinn
“inn með trollið, inn”
Hann er að gera haugasjó!
Inn með trollið, inn!

Og kalli þessu hásetarnir hlýddu eins og skot
og út á dekkið ruddust þeir og fóru strax á flot.

Viðlag.

Siggi gamli bræðslumaður stóð og verk sín vann,
er hundrað lítra grútarkaggi hvolfdist yfir hann.

Viðlag.

Í eldhúsinu ástandið var ekki heldur gott,
því kokkurinn á hausinn stakkst í stóran grautarpott.

Viðlag.

Og gegnum brotnar rúðurnar í brúnni aldan óð
svo kallinn alveg klofblautur í köldum sjónum stóð.

Viðlag.

En veðurgnýrinn kæfði loksins alveg öskur hans
og trollið sjálft var löngu farið allt til andskotans.

Kátt er á jólunum.

LAG: Komdu og skoðaðu í kistuna mína.

Kátt er á jólunum, krakkarnir syngja,
kveikt eru ljósin og farið í bað.
Klukkurnar allar í kirkjunum hringja
og kjötið er soðið og ljúffengt er það.
Lundin er glöð, þó að lágt fari sól.
Mikið lifandi ósköp er gaman um jól.
Tra la la la la.....

Það verður gleði og gaman um jólin,
ég get varla sofið, ég hlakka svo til.
Þá fer hún Gunna í þrúla kjólinn
og þá fær hún Imba mín, kerti og spil.
Þá verður sungið og dansað svo dátt.
Mikið dæmalaust verður þá fjörugt og kátt.
tra la la la la.....